

Ed.

436. Frumvarp til laga

[227. mál]

um breyting á lögum nr. 79 23. desember 1975, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 103 27. desember 1976, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Fyrir þinglýsingu á skjölum skal greiða fast gjald, er dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð. Á sama hátt skal ákveðið gjald fyrir áritun um heimildabrest o. fl. skv. 9. gr. laga nr. 30 7. maí 1928.

2. gr.

17., 18. og 19. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1978, og gilda um skjöl sem afhent eru til þinglýsingar eftir það tímamark.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt sambliða frumvarpi til laga um stimpilgjald. Er með frumvarpi þessu lagt til að þinglýsingargjald í núverandi mynd verði fellt niður og sameinað stimpilgjaldi. Í stað núverandi þinglýsingargjalds er lagt til að dómsmálaráðherra ákveði með reglugerð fast gjald fyrir hverja þinglýsingu og yrði það óháð fjárhæð þess skjals sem þinglýst er. Slíkt þinglýsingargjald er þá nokkurs konar þjónustugjald fyrir framkvæmd þinglýsingar, hliðstætt t. d. gjaldi fyrir veðbókarvottorð.